

Þjónustufulltrúi í hálfu starfi / Selfoss

Háskólafélag Suðurlands ehf. óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa, fyrst og fremst til að halda utan um prófapjónustu félagsins ásamt útleigu á námsaðstöðu í Fjölheimum á Selfossi, en einnig til að sjá um önnur tilfallandi verkefni undir stjórn framkvæmdastjóra.

Við leitum að einstaklingi sem er áreiðanlegur, stundvís og með framúrskarandi samskipta- og skipulagshæfni. Þjónustufulltrúi hafi menntun sem nýtist í starfi en starfsreynsla og meðmæli hafa einnig mikið að segja. Góð enskukunnátta er áskilin.

Um hálf tölustöðugildi er að ræða á ársgrundvelli en gert er ráð fyrir fullu starfi á álagstímum (a.m.k. síðari hluta nóvember og fram eftir desember, og síðari hluta aprílmánaðar og fram eftir maímánuði). Starfið býður því upp á samfelld frí utan álagstímabíla í samráði við framkvæmdastjóra.

Starfsstöð þjónustufulltrúa verður í Fjölheimum, Tryggvagötu 13 á Selfossi.

Starfið hentar bæði konum og körlum, yngri sem eldri.

Laun skv. samkomulagi og með hliðsjón af samningum viðkomandi stéttarfélags.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en um miðjan nóvember.

Um er að ræða tímabundna ráðningu til eins árs, með möguleika á framlengingu.

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar í tölvupósti til framkvæmdastjóra

Háskólafélags Suðurlands, Sigurðar Sigursveinssonar á netfangið:

sigurdur@hfsu.is en hann veitir jafnframt frekari upplýsingar í síma: 8972814.

Umsóknarfrestur er til og með 6. september 2019 og verður öllum umsóknum svarað.

